



111. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 11. mars 2010 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Agnes Stefánsdóttir, varamaður Magnúsar A. Sigurðssonar.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 109. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Breyting á aðalskipulagi í Bjarkalundi og Flatey

Gerð er tillaga að breytingum á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna nýs íbúðarsvæðis í Bjarkalundi og smábátahafnar við Innstapoll við Hólsbúðarvog í Flatey í Breiðafirði ásamt aðkomuvegi. Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna þessara breytinga.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd bendir á að Bjarkalundur er utan verndarsvæðis Breiðafjarðar og gerir því ekki athugasemdir við tillögu á breytingu á aðalskipulagi í Bjarkalundi. Vegna breytinga á hafnarsvæði við Flatey vísast til umsagnar nefndarinnar frá 16. október 2009 varðandi umræddar framkvæmdir.

Umsögn um byggingarleyfi í Garpsdalsey

Nefndinni barst erindi frá byggingarfulltrúa Dala- og Austur-Barðastrandasýslu um byggingu 25 m² húss í Garpsdalsey.

Breiðafjarðarnefnd hefur sett sér vinnureglur um sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingarleyfa á verndarsvæði Breiðafjarðar sem eru aðgengilegar á heimasíðu nefndarinnar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um menningarminjar, gróðurfar og dýralíf í eyjunni. Að mati nefndarinnar fellur umrædd bygging ekki vel að umhverfi sínu, hvorki í útlitslegu né sögulegu tilliti. Þá vísar nefndin til umsagnar sinnar frá 9. ágúst 2004, um byggingu neyðarskýlis á sama stað og sjónarmiða þar að lútandi.

Afgreiðsla:

Samkvæmt vinnureglum Breiðafjarðarnefndar getur nefndin ekki fallist á framanskráða umsókn um byggingu húss í Garpsdalsey.

Umsögn vegna umsóknar Íslenskrar gæða bláskeljar ehf um kræklingarækt

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sendir Breiðafjarðarnefnd til umsagnar umsókn um starfsleyfi svo og drög að starfsleyfi ásamt greinargerð fyrir kræklingaeldi í Breiðafirði.

Að mati Breiðafjarðarnefndar er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að leyfi landeigenda aðliggjandi jarða við umrætt svæði liggja fyrir áður en lengra er haldið, en svo er að sjá að hið skyggða svæði sé innan netlaga margra jarða. Ekki kemur fram hvort á svæðinu séu friðlýst æðarvörp eða arnarsetur eða hvernig fyrirhugaðar lagnir liggja við

siglingaleiðum, sem einnig er eðlilegt að ganga úr skugga um áður en til álita kemur að veita starfsleyfi.

Í umsókninni eru almennar lýsingar á hugsanlegum áhrifum kræklingaeldis á umhverfið. Gera verður þá kröfu að spáð verði fyrir um hugsanleg áhrif kræklingaeldis á þessu tiltekna svæði miðað við áætlað framleiðslumagn. Einnig þarf að lýsa umhverfinu og ákveða viðmiðunarstöðvar sýnatöku vegna vöktunar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur ekki unnt að taka afstöðu til starfsleyfisins fyrr en fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði

Farið var yfir athugasemdir frá Fanneyju Ingvadóttur hjá Teikn á lofti við upplýsingaskiltið.

Vinna við skiltið er á lokastigi.

Sendar verða út umsóknir til viðkomandi sveitarfélaga varðandi uppsetningu á skilti.

Starfsskýrsla nefndarinnar árið 2009

Starfsskýrslan er nánast tilbúin, gerðar verða örlitlar lagfæringar á texta og uppsetningu sýrslunnar. Skýrslan verður send til nefndarmanna um leið og hún telst fullunnin.

Önnur mál

Guðríður Þorvarðardóttir sagði frá nýstofnuðum starfshópi, skipuðum af umhverfisráðherra, um úttekt á lögum um vernd Breiðafjarðar.

Vettvangsferð 2010

Rætt var um að hafa vettvangsferðina í byrjun júlí og fara um suðureyjar Breiðafjarðar. Ásgeiri Gunnari og Kolbrúnu var falið að sjá um skipulag ferðarinnar.

Fundi var slitið kl. 15:00. Næsti fundur verður haldinn 20. apríl 2010.